AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, staðfestir mennta- og barnamálaráðherra hér með eftirfarandi breytingu á aðalnámskrá grunnskóla:

Á eftir kafla 16.2.4. í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla kemur nýtt ákvæði, ákvæði til bráðabirgða, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til og með 1. júlí 2027.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 6. nóvember 2026.

Inga Sæland.

Ásdís Halla Bragadóttir.

Fylgiskjal.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði almenns hluta og greinasviða aðalnámskrár um námsmat, þ.m.t. matsviðmið í köflum 19-26, skal við einkunnagjöf í 10. bekk og gerð vitnisburðar við brautskráningu úr grunnskóla skólaárið 2026-2027 gefa einkunnir í tölustöfum í samræmi við eftirfarandi lýsingu:

I.1 Námsmat.

Grunnskólar eru hvattir til að nota talnakvarðann 1-10 við námsmat á skólaárinu.

I.2 Einkunnagjöf og gerð vitnisburðar við brautskráningu úr grunnskóla.

Við einkunnagjöf og gerð vitnisburðar við brautskráningu úr grunnskóla skal nota talnakvarðann 4-10.

Gefa skal einkunn fyrir flokka hæfniviðmiða allra greinasviða eins og þau eru skilgreind í köflum 19-26. Að jafnaði skal gefa eina einkunn fyrir hvern flokk hæfniviðmiða. Einkunn skal byggjast á heildstæðu faglegu mati á þekkingu, leikni og hæfni nemandans með hliðsjón af hæfniviðmiðum hvers flokks og fjölbreyttum matsgögnum. Einkunn skal ekki ákvarðast eingöngu af reiknuðu meðaltali úr einstökum verkefnum eða prófum.

Gefa skal lokaeinkunn greinasviðs við brautskráningu úr grunnskóla sem er reiknuð sem vegið meðaltal lokaeinkunna fyrir einstaka flokka í samræmi við útfærslu á námsmati í skólanámskrá viðkomandi grunnskóla. Við þann útreikning er munur á aðliggjandi einkunnum ein heil tala á kvarðanum 4-10. Lokaeinkunn greinasviðs skal námunda að næstu heilu tölu.

Um námsmat nemanda sem stundar nám samkvæmt einstaklingsnámskrá og gerð vitnisburðar fer áfram samkvæmt kafla 9.7. Vitnisburður nemanda skal lýsa námsframvindu og stöðu gagnvart hæfniviðmiðum einstaklingsnámskrárinnar.

Eigi síðar en 31. janúar 2027 skulu grunnskólar ákvarða vægi flokka hæfniviðmiða við útreikning lokaeinkunna í 10. bekk skólaárið 2026-2027. Við ákvörðunina geta skólar litið til leiðbeinandi vægis sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur gefið út. Samanlagt vægi flokkanna skal vera 100%. Endurskoðuð skólanámskrá með nánari útfærslu á námsmati í 10. bekk fyrir skólaárið 2026-2027 skal vera birt fyrir brautskráningu úr 10. bekk.

I.3 Meginsjónarmið við einkunnagjöf við brautskráningu úr grunnskóla.

Einkunnin 4 merkir að hæfniviðmiðum flokksins hafi ekki verið náð. Skóli gerir sérstaklega grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

Einkunnir 5 og 6 lýsa stigvaxandi hæfni á leið að því að hæfniviðmiðum flokksins sé náð.

Einkunnin 7 merkir að hæfniviðmiðum flokksins hafi verið náð.

Einkunnir 8 og 9 lýsa stigvaxandi dýpt, öryggi, sjálfstæði og beitingu þeirrar hæfni sem hæfniviðmið flokksins ná yfir.

Einkunnin 10 merkir framúrskarandi hæfni og stöðuga frammistöðu þar sem nemandi sýnir mikið öryggi og sjálfstæði. Nemandi getur túlkað, metið og hagnýtt þekkingu sína og leikni á markvissan, gagnrýninn og skapandi hátt, stutt mál sitt með skýrum rökum og beitt hæfni sinni með sveigjanlegum og ábyrgum hætti við fjölbreyttar og krefjandi aðstæður.

Matsviðmið fyrir 10. bekk sem koma fram í köflum 19-26 eru ekki í notkun fyrir 10. bekk skólaárið 2026-2027. Þó skal gefa tvær einkunnir vegna list- og verkgreina við brautskráningu úr grunnskóla, eina fyrir listgreinar

og aðra fyrir verkgreinar, sbr. kafla 21.4.

I.4 Tengsl við hæfniþrep framhaldsskóla.

Gera má ráð fyrir því að nemendur sem fá einkunnir á bilinu 7-10 við brautskráningu úr grunnskóla í íslensku, ensku og stærðfræði búi yfir hæfni til þess að hefja nám í þessum greinum í framhaldsskóla á öðru hæfniþrepi. Að öðru leyti fer um tengsl við hæfniþrep framhaldsskóla samkvæmt kafla 9.5.

B deild - Útgáfudagur: 9. nóvember 2026